



171. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 4. mars 2010 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Friðrik Einarsson, Helgi Sigurðsson, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir 1. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður og Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður.

1. Ólympísk verkefni

Vancouver 2010

Helga Steinunn Guðmundsdóttir fór yfir þátttökuna á Vetrarólympíuleikunum í Vancouver. Umgjörð og skipulag leikanna var til fyrirmyndar þrátt fyrir að veðurfarslegar aðstæður væru ekki alltaf eins og best hefði verið á kosið. Friðrik Einarsson fór yfir árangur keppenda, sem var undir væntingum. Skilyrði voru erfið í brautunum.

Huga þarf að aðbúnaði og umgjörð okkar afreksfólks í skíðaíþróttum en mjög kostnaðarsamt er að æfa og keppa í þeirri íþrótt. Mikill kostnaður fellur á fjölskyldur skíðafólks og oftar en ekki næst ekki að mynda þá umgjörð sem afreksíþróttamenn annarra þjóða búa við. Kröfur og væntingar þurfa að vera í takt við það sem í er lagt.

YOG Singapore 2010

Aðalfararstjórafundur verður haldinn seinni hluta marsmánaðar. Andri Stefánsson mun sækja þann fund.

Smáþjóðaleikar Liechtenstein 2011

Aðalfundur GSSE og fundur í tækninefnd GSSE verða haldnir í Liechtenstein 29. apríl – 1. maí nk. Forseti, framkvæmdastjóri og Guðmundur Harðarson fulltrúi Íslands í tækninefnd GSSE munu sækja fundina.

London 2012

Huga þarf að fyrirkomulagi gistimála en skila þarf óskum þar að lútandi til LOCOG fyrir 30. apríl nk. Kanna þarf með þátttöku opinberra aðila og Ólympíufjölskyldu ÍSí í leikunum.

2. Úthlutun úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSí

Ný sjóðsstjórn hefur verið skipuð í Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSí. Formaður er áfram Svava Grönfeldt en með henni eru Vanda Sigurgeirsdóttir og Þórdís Gísladóttir. Úr stjórninni fór Vala Flosadóttir og er henni þakkað fyrir gott starf í sjóðsstjórninni.

Lögð fram tillaga um 5. úthlutun styrkja úr Afrekskvennasjóði Íslandsbanka og ÍSí. Alls bárust 78 umsóknir í sjóðinn.

Tillögurnar samþykktar. Eftirfarandi einstaklingar fá styrki úr sjóðnum að þessu sinni: **Erna Friðriksdóttir** skíðakona frá Egilsstöðum kr. 250.000 vegna undirbúnings og keppni í Vetrarólympíumóti fatlaðra í Vancouver 2010.

Íris Guðmundsdóttir skíðakona frá Akureyri kr. 250.000 vegna æfinga og keppni á skíðum.

Ragna Ingólfsdóttir badmintonkona úr Reykjavík kr. 500.000 vegna þátttöku á alþjóðlegum mótum á árinu.

Frjálsíþróttadeild ÍR og Ármanns kr. 1.000.000 hvor deild í markvisst afreksstarf sem miðar að því að koma afreksíþróttakönnum á Ólympíuleikana í London 2012.

3. Séríþróttagreinanefndir ÍSÍ

Forseti skýrði frá því að hann hefði hug á að hitta formenn sérnefnda ÍSÍ einu sinni á ári til skrafs og ráðagerða. Forseti og framkvæmdastjóri hittu forsvarsmenn Hnefaleikanefnar ÍSÍ fyrir stuttu og fóru yfir stöðu íþróttarinnar á Íslandi. Nefndin hyggst vinna markvisst að því að efla starfið þannig að hún uppfylli skilyrði til stofnunar sérsambands.

Kraftlyftinganefnd ÍSÍ

Forseta og framkvæmdastjóra falin heimild til að undirbúa stofnþing Kraftlyftingasambands Íslands í samráði við Kraftlyftinganefnd ÍSÍ.

4. Heiðranir

Eftirtaldar heiðranir staðfestar:

Ingibjörg Hinriksdóttir, UMSK – Silfurmerki ÍSÍ

Jóhannes Sveinbjörnsson, UMSK – Silfurmerki ÍSÍ

Forseti afhenti merkin á ársþingi UMSK, 25. febrúar sl.

Edda Lúvís Blöndal, KAÍ – Silfurmerki ÍSÍ

Helgi Jóhannesson, KAÍ – Silfurmerki ÍSÍ

Halldór Svavarsson, KAÍ – Silfurmerki ÍSÍ

Forseti afhenti merkin á 25 ára afmælisþingi KAÍ 27. febrúar sl.

Jóhannes Benediktsson, SSÍ – Silfurmerki ÍSÍ

Svanhvít Jóhannsdóttir, SSÍ – Silfurmerki ÍSÍ

Benedikt Sigurðarson, SSÍ – Gullmerki ÍSÍ

Forseti afhenti merkin til Jóhannesar og Svanhvítar á ársþingi SSÍ 26. febrúar sl. en Benedikt var ekki viðstaddur. Hann fær merkið afhent við fyrsta tækifæri.

Sigurður Jóhannsson, JSÍ – Gullmerki ÍSÍ

Gunnar Bragason gjaldkeri afhenti Sigurði merkið í afmælisveislu í tilefni af 80 ára afmæli hans, 12. febrúar sl.

Haraldur Magnússon, FRÍ – Heiðurskross ÍSÍ

Magnús Jakobsson, FRÍ – Heiðurskross ÍSÍ

Forseti afhenti Haraldi og Magnúsi Heiðurskrossana á ársþingi FRÍ 26. febrúar sl.

Þorbergur Bæringsson HSH – Gullmerki ÍSÍ

Sigríður Jónsdóttir afhenti merkið á ársþingi HSH 23. febrúar sl.

Eftirtaldar heiðursveitingar samþykktar:

Gísli Páll Pálsson fráfarandi formaður HSK – Gullmerki ÍSÍ

Ragnar Sigurðsson, varaformaður HSK – Silfurmerki ÍSÍ

Áður var búið að samþykkja Gullmerki ÍSÍ til Engilberts Olgeirssonar framkvæmdastjóra HSK.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir og Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir munu sækja 100 ára afmælisþing HSK 13. mars nk. og afhenda merkin þrjú.

5. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Engar staðfestingar liggja fyrir.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 170. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráð frá 4.3.2010
- Fræðsluviðs frá 19.1.2010
- Heiðursráðs ÍSÍ frá 22.2.2010
- Íslensk getsþá, 558. og 559. fundur
- Minnisblað frá Lífshlaupinu

7. Viðburðir framundan

Fram að næsta fundi:

- Menntaþing mennta- og menningarmálaráðuneytis í Valsheimilinu, 5.3.2010
- Ársþing GLÍ, 6.3. á Ísafirði – Ingibjörg Bergrós sækir þingið.
- Ársþing USAH, 13.3. 2010 á Blönduósi – Sigríður Jónsdóttir sækir þingið.
- Ársþing HSK, 13.3.2010 - 100 ára afmælisþing – Helga Steinunn og Ingibjörg Bergrós sækja þingið.
- Ársþing UDN, 16.3.2010 í Tjarnarlundi Saurbæ
- Ársþing UMSE, 20.3.2010 í Hrafnagilsskóla – Helga Steinunn sækir þingið.
- Ársþing UMSS, 25.3.2010 í Árgarði, Steinsstaðahverfi
- Ársþing ÍBA, 14.4.2010 – Helga Steinunn sækir þingið.
- Ársþing ÍA, 15.4.2010
- Ársþing BSÍ, 30.4.2010
- Ólympíumót fatlaðra í Vancouver, 12.-21.mars 2010

Til lengri tíma litið:

- Ársþing STÍ, 8.5.2010
- Ársþing DSÍ, 18.5.2010 – 10 ára afmælisþing
- EOC Seminar, Malta 28.-29. maí 2010
- Norrænn fundur íþróttasambanda og ólympíunefndar, 11.-12. júní 2010 í Bosön í Svíþjóð
- Heimsráðstefna íþróttar fyrir alla, Jyväskylä í Finnlandi 14.-17. júní 2010
- Ólympíuleikar ungmenna í Singapore, 15.-25.ágúst 2010
- Aðalfundur ANOC, Acapulco í Mexíkó 21.-23. október 2010
- Heimsráðstefna um íþróttir, menntun og menningu, 6.-7. desember í Durban í Suður-Afríku
- Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Liberec, 12.-19.febrúar 2011
- Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Trabzon, 24.-27.júlí 2011
- Smáþjóðaleikar í Liechtenstein, 30.maí - 4.júní 2011
- Ólympíuleikar í London 7.júlí - 12.ágúst 2012

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ verða haldnir 8. apríl 2010 og 6. maí nk.

9. Önnur mál

Karatesamband Íslands 25 ára

Forseti skýrði frá því að hann hafi boðið stjórn KAÍ í heimsókn á skrifstofu ÍSÍ í tilefni 25 ára afmælis KAÍ. Þar hafi hann afhent sambandinu áletraðan silfraðan disk ásamt peningagjöf frá ÍSÍ.

Reikningur ÍSÍ

Gjaldkeri ÍSÍ greindi frá því að gerð ársreiknings ÍSÍ 2009 sé í lokavinnslu. Fyrirhugað er að leggja reikninginn fyrir á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Heimsókn Ólympíusamhjalparinnar

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhugaðri heimsókn Pamelu Vipond frá Ólympíusamhjalpinni og Gianluca De Angelis frá EOC 14. -18. júní nk.

Heimsókn ISF

Framkvæmdastjóri skýrði frá fyrirhugaðri heimsókn forsvarsmanna Íþróttasambands Færeyja um miðjan apríl nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.